



Samstarfsáætlun Leikskólans Mánalands og Víkurskóla

Áætlunin var unnin skólaárið 2023-2024 af stjórnendum skólanna

Leiðarljós Menntastefnu Mýrdalshrepps 2023-2028 eru samvinna, umburðarlyndi, virðing og gleði. Áhersla er á samstarf starfsfólks, metnað, framsækni og faglega umræðu og vilja til nýbreytni. Mýrdalshreppur hefur það hlutverk að skapa samræmt og heilsueflandi leik-, náms- og starfsumhverfi í metnaðarfullri umgjörð og standa vörð um menntun og velferð nemenda og gera aðstæður eins góðar og unnt er hverju sinni.

Sveitarstjórn skal koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig skuli standa að færslu og aðlögun barna milli skólastiga.

Í Aðalnámskrá gunn- og leikskóla segir:

Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir lok leikskólanáms. Leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynna umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst.

Í lögum um leikskóla 90/2008 16.gr. stendur einnig.

Persónuupplýsingar, sem fyrir liggja um hvert einstakt barn í leikskóla og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun þess í grunnskóla, skulu fylgja barninu, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu og málsmeðferðar í samræmi við gildandi lög um persónuvernd og [vinnslu] persónuupplýsinga. Foreldrum skal gerð grein fyrir þessari upplýsingamiðlun. Meðferð upplýsinga skal vera á hendi leikskólastjóra eða annarra sérfræðinga á vegum sveitarfélagsins samkvæmt nánari ákvörðun þess.

Tilgangur og markmið með samstarfi skólastiga er að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Einnig að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemnda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast á milli skólastiga. Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt að nýta þekkingu og skilning kennara á þessum tveimur skólastigum á starfi og starfsaðstæðum hvors annars.

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni foreldra og kennara, auk annars starfsfólks, þar sem velferð barnsins, þroski þess og menntun er í brennidepli. Skólaganga barna á að mynda samfellu þar sem reynsla og nám frá fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvors annars og leita leiða til að móta samstarf, skapa samfellu, efla sjálfstraust barns og styðja við sjálfstæði þess svo flutningur valdi ekki óöryggi og kvíða.



Samstarsáætlun Mánalands og Víkurskóla:

Gert er ráð fyrir nemenda- og kennaraheimsóknum, stjórnendafundum, kynningarfundum og námskeiðum fyrir foreldra auk þess sem kennurum bjóðast sömu námskeið hjá Skólalþjónustu Rángárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Ágúst:

Móttökuviðtöl hjá verðandi 1.bekkingum boðuð af umsjónakennara grunnskóla.

September: Samráðsfundur fagaðila beggja skóla – undirbúa kynningu – setja saman söngbók.

Nóvember: Nemendaheimsóknir - Dagur íslenskrar tungu sameiginlegt atriði, 1.bekkur og 5 ára.

Desember: Elstu nemendum boðið á litlu jóli Víkurskóla og að dansa í kringum jólatréð.
1. bekk boðið að taka þátt í sköpunarstarfsemi á leikskóla.

Janúar: Kennaraheimsóknir grunnskóli – leikskóli – efla innsýn og þekkingu á hvoru skólastigi.

Febrúar: Nemendaheimsóknir, bekkjarstundir - bæði skólástig - kennarar dagsetja.

Mars: Nemendaheimsóknir og dægradvöl

Apríl: Samstarfsfundir kennara til að efla starfs- og kennsluaðferðir (mál- og félagafærni)

Maí: Vettvangsferðir – útinám

Júní: Útskrift leikskólabarna fer fram á hátíðarsal skólans.

Skilafundur: Leikskólstjóri, deildarstjóri elstu nemenda leikskólans, umsjónakennari 1.bekkar og stjórnandi frá grunnskóla. Farið er yfir útskriftarhóp leikskólans/verðandi 1.bekkinga.



Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
1.0	05/2024	Fyrsta útgáfa	EE-NLM-KÓG
2.0			
3.0			
4.0			
5.0			